

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. september 2022
Málsnúmer: 202208-0032
LA

Efni: Umsögn um umsókn Benchmark Genetics Iceland hf. um leyfi til hagnýtingar grunnvatns á lóð fyrirtækisins að Stapavegi 1 í Vogum

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 25. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Benchmark Genetics Iceland hf. um nýtingarleyfi til töku á söltu og fersku grunnvatni á starfslóð fyrirtækisins að Stapavegi 1 í Vogum, við Vogavík í Sveitarfélaginu Vogar. Með umsókninni eru óskað eftir leyfi til hagnýtingar á allt að 426 l/s af fersku grunnvatni og 946 l/s af söltu grunnvatni (jarðsjó). Heildar vatnsvinnsla mun nema 1.372 l/s að meðaltali á ársgrundvelli.

Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum 10. maí 2021 vegna frummatsskýrslu um aukna framleiðslu í eldsstöð Stofnfisks í Vogavík. Þar stendur „[...] ólíklegt að aukin vatnsvinnsla Stofnfisks komi til með að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn sem nokkru nemi. Þó þarf að tryggja að aukin vatnsvinnsla hafi ekki áhrif á jafnvægi milli ferskvatnslinsu og saltvatnslinsu og því telur Skipulagsstofnun að vöktunaráætlun um vöktun á áhrifum vinnslu á grunnvatn liggi fyrir áður en vatnataka er aukin.

Skipulagsstofnun telur að í nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um vöktun á grunnvatni og viðbrögð við áhrifum vatnstöku á grunnvatnsborð reynist þau vera meiri en gert er ráð fyrir.”

Náttúrufræðistofnun tekur undir þessa ályktun Skipulagsstofnunar. Ekki hafa orðið neinar breytingar á áformum eða forsendum vatnstökunnar síðan ákvörðun um matsskyldu var tekin.

Náttúrufræðistofnun gerir því ekki athugasemd við að nýtingarleyfið sé veitt. Afar mikilvægt er þó að regluleg vöktun sé með vatnstökunni og að brugðist sé við ef vísbendingar eru um breytingar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

